

# SPROTASJÓÐUR 2016 LOKASKÝRSLA

Ég get sjáðu mig



Höfundur/höfundar

Þórey Sigþórsdóttir verkefnisstjóri

Hildur Lilja Jónsdóttir leikskólastjóri Laufskála

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	2
2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd .....	2
3. Samantekt - Niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra.....	5
4. Mat á verkefninu .....	5
5. Greinargerð um notkun styrkjár .....	6
6. Kynning .....	7
7. Niðurstöður.....	8
Heimildir .....	8
Fylgiskjöl .....	8



## 1. Inngangur

Aðdragandi:

Hildur Lilja Jónsdóttir leikskólastjóri og fleiri fara til Edinborgar og kynnast þar starfsemi Starcatchers. Hún hefur sérstakan áhuga í því að blanda leiklist inn í starfsemi leikskólans og í samvinnu við Kristínu Hildi Ólafsdóttu ræður hún Þóreyju Sigþórsdóttur sviðslistakonu sem verkefnisstjóra „Ég get! Sjáðu mig!”

### 1.2. Markmið verkefnis

Verkefninu er ætlað að svara spurningunni; Stuðlar sjálfstjáníng og skapandi starf að því að byggja einstaklinga með aukið sjálfstraust og sterkari sjálfsmýnd ?

Verkefnið er samstarfsverkefni milli leikskólans *Laufskála* og *Theatre and Performing Arts in Edinburgh*. Rhona Matheson framkvæmdastjóri er ráðgjafi verkefnisins.

Verkefnið er til þriggja ára, tveggja ára í leikskólanum *Laufskálum* og þriðja árið verður fundinn einn leikskóli til viðbótar og munu *Laufskálar* þá verða mentor verkefnisins.

Markmið: Að börnin geti örugg staðið fyrir framan hóp og tjáð sig. Fyrsta skrefið er að geta sagt fullt nafn. Að gefa börnunum það frelsi sem heilbrigð tjáníng er. Að börnin njóti þess að koma fram. Að börnin geti sýnt jafnöldrum sínum tillitsemi og virðingu með því að sitja hljóð og hlusta á það sem aðrir hafa að segja. Að nýta hugmyndaflug barnanna í verkefnavali. Að einblína meira á ferlið og upplifunina heldur en útkomuna. Að efla hlutverkaleik í leikskólastarfinu. Að börnin geti skoðað sig sjálf í hlutverkum og framkomu sína. Þannig öðlast sjálfstraust og meðvitund um að þau hafa alltaf val. Þau geta skapað og mótað sig sjálf sem einstakling. Að hafa gaman. Þegar það er gaman þá lærum við mest!

## 2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

2.1 Hugmyndin er að byggja upp þekkingu innan leikskólans *Laufskála* í skapandi starfi með áherslu á leiklist. Þróunarstarfið fer þar fram enn sem komið er. Ramminn er starfsemi leikskólans. Verkefnastjóri og listamaður koma inn í það starf og framtíðarsýnin er að hugmyndin vaxi þaðan og muni í framtíðinni nýtast fleirum leikskólum. Í samstarfi eða í gegnum kynningarefni og kennslu.

2.2 Hugmyndafræðin að baki verkefninu – af hverju var ákveðið að fara í verkefnið?

Fyrirmyndin er að stórum hluta sótt í starfsemi Starcatchers í Edinborg, Englandi.

„Starcatchers is a pioneering organisation that specialises in performances and creativity for babies, toddlers and young children aged 0-5 and their parents and carers in Scotland.“

Hugmyndin er að byggja grundvöll fyrir það að markmiðum (sjá 1.2. ) með börnin í gegnum "Ég get, sjáðu mig!" verði náð. Starfsmenn leikskólans *Laufskála* verði í stakk búnir að fylgja þessum markmiðum eftir í sínu starfi. Leiklist og skapandi starf sé fastur liður í daglegri starfsemi og það verði ekki tilviljanakennt, eftir því hver vinnur þar hverju sinni, hvernig er unnið með skapandi starf. Þessi hugmynd leggur grunninn að áframhaldi í verkefninu. Næsta skref er að tengjast við *fyrstu bekki* grunnskólans og brúa bilið frá leikskólanum yfir í grunnskólann með áherslu á sjálfstjórningu og læsi í gegnum skapandi nám. Þannig verði nemendur færari í því að taka ábyrgð á eigin námi þar sem þau þjálfu færni í því að skynja betur styrkleika sína og áhugasvið.

### 2.3 Framvinda verkefnis

**24.10.2014 Fyrirlestur og fundur** með **Rhonu Matheson** og starfsfólki **Laufskála**

25.10.2014 Opinn fyrirlestur Rhonu Matheson í **kennsludeild LHÍ** (sjá plakát í viðhengi)

26.10.2014 Rhona fundar með **leikstjórum** sem eru að vinna með efni fyrir börn.

27.10.2014 Rhona fundar með **Helgu Arnalds** leikbrúðu- og myndlistarkonu og sér verk hennar, leiksýninguna **Lífið** í Tjarnarbíói. Sú sýning hlaut einmitt Grímuna 2015 sem barnasýning ársins og var valin sproti ársins 2015.

Meðan á dvöl hennar stendur fundar Rhona með **verkefnisstjóra** Þóreyju Sigþórsdóttur, sem hefur fylgt henni eftir á fundum og fyrirlesturum.

Þær leggja drög að hugmyndum um áframhaldandi samstarf og ráðgjöf. Ákveðið er að reyna að fá **Helgu Arnalds** inn í verkefnið sem **listamann** í samstarf við leikskólann. Eftir að hafa séð **Lífið** skynjum við það sterkt að hún sé rétta manneskjan í verkefnið.

Í framhaldi af því ræðir Þórey við Helgu sem hefur áhuga á **samstarfi** sem þær leggja drög að á nokkrum samstarfsfundum.

**07.04.2015 Þórey Sigþórsdóttir** leikkona/verkefnisstjóri leiðir vinnusmiðju fyrir starfsfólk Laufskála á starfsdegi. "**Þú kannt fullt! Veist fullt**" er yfirskrift vinnusmiðjunnar og markmiðið er að styrkja starfsfólkið í því að gera sér grein fyrir

hvað það getur lagt af mörkum í innleiðslu leiklistarinnar og verkefnisins í heild. Unnið með spuna, samræður, þankahríð og spurningalisti lagður fyrir starfsfólkið. (sjá meðfylgjandi skjöl í viðhengi).

Í megindráttum, þá kemur í ljós að starfsfólk finnur þörf fyrir að styrkja sjálfstraust sitt í skapandi vinnu með námskeiðum t.d. í spuna og raddbeitingu. Það finnur að tímaskortur vinnur stundum gegn þeim í skapandi starfi. Það vill styrkja fræðilega þekkingu sína á þessu sviði.

Í kjölfarið sendir Þórey lesefni á starfsfólkið "**Skapandi nám í gegnum leiklist**" eftir Ásu Helgu Ragnarsdóttur og Rannveigu Björk Þorkelsdóttur sem birtist í Netlu 31.12.2010

**Dagana 11. – 14.05 2015** leiðir **Helga Arnalds** vinnusmiðju í **skuggaleikhúsi** með börnunum á Laufskálum. Þórey er henni til aðstoðar og starfsfólk reynir að taka þátt eins og hægt er. Litlir hópar fara í gegnum ferli þar sem þau uppgötva og leika með líkamann í skuggaleikhúsforminu. Þessu fylgir Helga eftir með spjalli við hópinn í upphafi og lok hvers tíma. Í kjölfarið, á sama tíma, vinnur starfsfólkið með hugmyndina um *skuggann* og hvernig við getum leikið okkur með hann með börnunum í útivist.

Þessum tilraunum lauk með **opnum degi** þar sem börn úr nágrannaleikskólanum komu og tóku þátt í skuggaleikhúsinu. Nú leiddu af „**heimamenn**“ börnin á Laufskálum gesti sína inn í ferlið og kynntu þeim þetta form.

Þetta var mjög skemmtileg vinna, börnin mjög virk bæði í spjalli, hlustun og líkamlega. Starfsfólk hafði orð á því að alla vikuna og lengi á eftir voru þau í miklum vangaveltum yfir skuggum almennt í öllu starfi, úti og inni. Skuggavaldurinn sólin var skoðuð sérstaklega í þessu samhengi.

Á opna deginum er líka **myndasýning** á göngum Laufskála með myndum af vinnusmiðjunni með skuggaleikhúsið. Sú myndasýning var látin ganga þannig að **foreldrar** höfðu tækifæri til að sjá þær þegar þau komu og náðu í börnin í lok vikunnar.

Í október og nóvember kom Þórey Sigþórsdóttir inn í daglegt starf með sérstakan fókus á leiklistartímana. Hún fylgdist með starfi sem fer fram og gefa starfsfólki endurgjöf á það hvernig mætti þróa þeirra starf áfram.

Síðar er stefnt á að halda starfsmannafund með námskeiði þar sem farið verður í raddbeitingu og spuna. Þórey mun leiða þá vinnusmiðju.

**Næsta skref verður tekið** þegar Helga Arnalds kemur og heldur vinnusmiðju fyrir starfsfólkið. Þar mun hún kenna þeim að koma sér upp útbúnað og hvað þau þurfa til að geta haft sitt eigið skuggaleikhús að Laufskálum og nýtt það eftir þörfum í starfinu. Þar með höfum við náð að leggja inn þekkingu í starfið sem er komin til að vera og tæknibúnað til að nýta sér hana. Í framhaldi af því verður farið inn í vinnu varðandi undirbúning á leiksýningu sem unnin er í samstarfi við Helgu. Við þurftum að fresta verkefninu með Helgu Arnalds þar sem hún flutti erlendis. Hún er að okkar mati mest spennandi kostur til að leiða þetta verkefni ef mögulegt er. Því höfuð við frekar reynt að koma til móts við hennar tímasetningar. Hún er væntanleg til landsins núna í mars og þá verður verkefninu haldið áfram með því sem að henni snýr.

Einnig erum við að bíða eftir svörum frá Rhonu Matheson frá Starcatchers. Þar hefur verið áhugi á að senda listamann sem myndi koma og vinna með starfsfólki Laufskála að verkefninu í samvinnu við Helgu Arnalds.

### 3. *Samantekt – niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra*

Reynsla okkar af þessu verkefni er sú að allt sem við höfum náð að hrinda hefur gengið vel og haft góð áhrif á starfið í leikskólanum. Starfsfólki finnst gott að geta tileinkað sér nýja hluti og þekkingu á þessu skapandi sviði og það kom m.a. fram að eitt af því sem þarf að leggja áherslu á er að byggja upp sjálfstraust starfsfólksins á þessu sviði. Líkt og með aðra nemendur er best að kenna með því að fara með starfsfólkið í gegnum ferli. Það er skilvirkast, enda kunn kennsluaðferð **John Dewey** „*learning by doing*“. Þetta verkefni er rétt að byrja en okkar sýn á það er sú að þegar við höfum farið í gegnum þetta ferli einu sinni þá munum við hafa efni, vinnusmiðjur og fleira, sem hægt væri að kynna fyrir öðrum leikskólum sem vilja feta sömu braut. Hér væri þá komin prótótýpa að því hvernig hægt er að auka vægi skapandi greina í starfsemi leikskóla.

### 4. *Mat á verkefninu*

Verkefninu er ekki lokið við erum rétt að byrja. Við erum hæstánægð með að hafa stofnað til samstarfs við þá hæfileikaríku og reynslumiklu listakonu Helgu Arnalds. Það var auðséð að það var mikill innblástur fyrir starfsfólkið að fá að vinna með henni. Nú er hugmynd í mótnun um leiksýningu sem við gætum unnið og þróað í samstarfi við hana. Samstarf sem hefði það að leiðarljósi að virkja starfsfólkið líka, kenna því aðferðir og leiða áfram í verkefninu sem skilji svo þekkingu eftir, þó leiksýningunni ljúki. Að það verði lögð drög að því hvernig þessi sýn fléttist til framtíðar inn í skipulag og þróun starfseminnar á Laufskálum og síðar þeim leikskólum sem bætast kunna í hópinn.

Við metum það líka á þessu stigi að það sé nauðsynlegt að skoða það sem er gert dags daglega og fá viðbrögð á það hvernig má þróa það sem nú fer fram. Því mun Þórey fylgja eftir á næstu mánuðum. Þessi byrjun lofar góðu og hefur líka skýrt fyrir okkur leiðina að einhverju marki. Þekking á skuggaleikhúsi situr eftir og útbúnaður svo starfsfólk getur nýtt þessa aðferð áfram sjálfstætt. Við höfum heyrt í starfsfólkinu þeirra hugmyndir og þarfir og getum því mótað betur hvernig við byggjum það best upp. Það er mjög dýrmætt að fá styrk inn í þetta verkefni því það er hugsað til langs tíma og sem stefnumótandi námsaðferð á leikskólastiginu.

Vinnan fer stöðugt fram í leiklistartengdum verkefnum innan skólans. Sjá meðfylgjandi yfirlit.

Það sem hefur gert okkur erfitt fyrir í framkvæmd verkefnisins eru praktískir þættir eins og veikindi starfsmanna og álag í kjölfarið á aðra starfsmenn. Þá hefur þurft að færa til fólk og minna svigrúm gefst vegna álags. Það sýnir sig að starfsfólk sækir ekki auðveldlega innblástur eða verkþætti utan leikskólans eða utan starfsramma sem er mjög skiljanlegt þegar vinnuálag er mikið. Þetta kallar á lengri undirbúningstíma fyrir hluti sem eru utan rammans til að eiga sér stað og öðruvísi nálgun í skipulagi. Rétt eins og undirrituð Þórey Sigþórsdóttir rak sig á þegar hún fór að kenna leiklist í Austurbæjarskóla/grunnskóla. Þá var hún að vinna að kennslubók fyrir leiklistarkennara. Þar þurfti að þróa aðferðarfræði í samræmi við það skipulag sem var í skólanum. Eins og þar er í Laufskálum/leikskólum mjög ákveðinn vinnurammi/stundatafla sem þarf að vinna í kringum.

Hins vegar hefur eitt aðalmarkmiðið verið að samþætta leiklistina inn í daglegt starf. Við gerðum tilraun með að allir starfsmenn tækju þátt í því að leiða leiklistarsmiðju. Það var mjög gagnlegt að gera þá tilraun. Hver og einn fékk meiri skilning á því starfi. Niðurstaðna er þó að það sé betra að starfsfólk sem hefur sérstakan áhuga á leiklistinni og sérþekkingu jafnvel sjái um það. Þannig er það núna.

Laufskálar fær almennt mjög góða endurgjöf frá foreldrum varðandi leiklistarþátt starfseminnar. Við stefnum á að gera faglega úttekt á því með spurningalistum hvernig viðhorf foreldra eru þegar við tökum saman lokaniðurstöður verkefnisins þegar við höfum náð að klára leiklistarverkefnið í samvinnu við listamann og sýna. Við þau tímamót munum við væntanlega vera í stakk búin að tengja næsta leikskóla inn í verkefnið.

## 5. Greinargerð um notkun styrkjár

Þróunarstyrkur frá Skóla - og frístundaráði Reykjavíkur 800.000.- kr

Sprotasjóður 1.000.000.- kr

**Kostnaðarliðir þegar styrkir að upphæð 1.800.000 kr eru greiddir út að fullu:**

Verkefnastjórn 2014 (4x 70.442) = 281.768 kr

Verkefnastjórn 2015 (7x70.442)	= 493.094 kr
Vinnusmiðja með listamanni	= 180.000 kr
Starfsmannafundur	= 300.000 kr
Efniskostnaður við svið	= 500.000 kr
Útbúnaður f. skuggaleikhús	= 20.000 kr
<u>Annað efni</u>	<u>= 25.138 kr</u>

**Samtals = 1.800.000 kr**

## 6. Kynning

Markmiðið er að kynna verkefnið sem víðast ef mögulegt er, á leikskóladögum næsta vor t.d. Fá viðtal eða birta grein um verkefnið. Klippa saman kynningarmyndband sem getur verið á síðu leikskólans. Sýna leiksýninguna þegar að því kemur.

## 7. Niðurstöður

Í stuttu máli þá hefur "Ég get-sjáðu mig!" skipt sköpum í því að ná að flétta leiklistina enn frekar inn í daglegt starf leikskólans. Starfsfólk sem hafði ekki endilega trú á því að það hefði eitthvað til málanna að leggja hefur farið út fyrir þægindarammann sinn, sótt sér meiri þekkingu og finnur nú til meira öryggis í starfinu. Fyrst og fremst af því það þurfti að takast á við nýtt skipulag og nýja áskorun í þessu verkefni. Það sýndi sig að þegar á hólminn var komið þá gat það meira en það hélt svo sjálfstraust starfsfólksins hefur aukist í því að takast á við hugmyndafræði leikskólans. Stjórnendur hafa nú skýrari mynd af því hvað þarf að vera til staðar í skipulagi skólans til að hugmyndafræðin gangi upp. Markmiðin voru í hnotskurn þessi;

*A. Verkefninu er ætlað að svara spurningunni;*

*Stuðlar sjálfstjáníng og skapandi starf að sterkari einstakling með aukið sjálfstraust?*

Svarið er já. Starfsfólk hefur unnið markvisst með sjálfstjáníngu barnanna, sjá m.a. yfirlit yfir tíma í meðfylgjandi skjali. Það merkir greinileg framför þeirra í tjáníngu sem sést ekki síst í samanburði milli barna sem hafa verið á leikskólanum frá upphafi og þeirra sem koma annars staðar frá. Þetta er líka það sem foreldrar barnanna bera vitni um.

*B. Markmið: "Að börnin geti örugg staðið fyrir framan hóp og tjáð sig.*

*Fyrsta skrefið er að geta sagt fullt nafn. Að gefa börnunum það frelsi sem tjáníng er.*

*Að börnin njóti þess að koma fram. Að börnin geti sýnt jafnöldrum sínum tillitsemi og*



*virðingu með því að sitja hljóð og hlusta á það sem aðrir hafa að segja. Að nýta*

*hugmyndaflug barnanna í verkefnavali. Að einblína meira á ferlið og upplifunina heldur en*

*útkomuna. Að efla hlutverkaleik í leikskólastarfinu. Að börnin geti skoðað sig sjálf í*

*hlutverkum og framkomu sína. Að hafa gaman."*

Það er það sem við höfum gert í gegnum fjölbreytt verkefni stór og smá á Laufskálum. Í matnum eða í leiklistartímum og allt þar á milli. Það var gaman að fylgjast með börnunum á Laufskálum þegar þau tóku á móti nágrannaleikskóla sínum á opnum degi og kynntu fyrir þeim Skuggaleikhús verkefnið. Þau leiddu gesti sína í litlum hópum í gegnum ferli sem Helga Arnalds hafði farið með þau í gegnum áður. Það skein af þeim sjálfstraustið og gleðin þegar þau opnuðu þennan heim fyrir þeim. Þau sýndu gestum sínum virðingu, hlustuðu og horfðu þegar hinir stóðu upp og gerðu. Öruggeri en áður þegar þau byrjuðu verkefnið en jafnvel þá sátu þau vel í því að taka boltann og koma með hugmyndir að hreyfingum í leikspuninum. Þau voru líka dugleg að svara í samræðum og heimspekilegum vangaveltum í lok æfingarinnar. Já við getum með sanni sagt að þessu markmið hafi verið náð og allir skemmt sér vel í leiðinni.

### *Heimildir og Fylgiskjöl*

Plakat fyrir fyrirlestur Rhonu LHI (viðhengi)

„Þú kannt fullt! Veist fullt!" innlögn og niðurstöður.

Fagvinna 2015-2016

Leiklist 2016

Fyrir hönd leikskólans Laufskála og allra þeirra sem koma að verkefninu

"Ég get -- sjáðu mig"

Virðingarfyllst,

*Þórey Sigþórsdóttir*

*verkefnisstjóri.*

